



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir
150 Reykjavík

27. febrúar 2003

**Efni: Frumvarp til laga um umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 543.
mál – hækkun umsýsluþóknunar**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 6. febrúar 2003.

Landvernd tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð við frumvarpið þess efnis að nauðsynlegt sé að tryggja fjárhagslega afkomu þess fyrirtækis sem annast söfnun einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Í samræmi við mengunarbótaregluna er eðlilegt að neytendur standi straum af þessum kostnaði.

Stjórn Landverndar hefur ítrekað bent umhverfisnefnd á gagnsemi þess að ráðstafa hluta umhverfisgjalda af þessu tagi til eflingar fræðslu um umhverfisvernd. Það er reynsla Landverndar af verkefnum eins og Grænfáninn og Vistvernd í verki að með fræðslu megi verulega draga úr úrgangi, bæta meðhöndlun hans og auka skil til endurvinnslu. Það má því fær rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að nota hluta endurvinnslugjalds til fræðslu. Svíar hafa notað þess leið og rennur hluti endurvinnslugjalds til starfsemi "Håll Sverige Rent", en það er samstarfsverkefni yfirvalda og frjálsra félagasamtaka sem m.a. hefur umsjón með starfsemi Grænfánans þar í landi.

Stjórn Landverndar leggur því til að umhverfisnefnd Alþingis geri viðbætur við framangreint frumvarp sem feli í sér að gjaldtaka vegna einnota drykkjaumbúða miðist við að 1 kr. gjald af hverri umbúðaeiningu renni til sjóðs sem hafi það hlutverk að veita fé til fræðslu um umhverfisvernd sem stjórnvöld og frjáls félagasamtök eigi samstarf um.

Virðingarfyllt

Tryggvi Felixson
framkvæmdastjóri Landverndar